



Hver er Benjamín konungur?

Benjamín konungur var spámaður Guðs og réttlátur konungur. Hann safnaði fólki sínu saman til að kenna því. Hann stóð í turni svo fleira fólk gæti heyrð í honum. Fólkið setti upp tjöld umhverfis turninn til að hlusta. Það var líkt og aðalráðstefna!



Benjamín konungur kenndi að Jesús Kristur myndi fæðast á jörðinni. Jesús Kristur myndi vinna kraftaverk. Hann myndi þjást og deyja fyrir syndir allra manna. Hann myndi þá rísa upp svo að við gætum öll lifað á ný!

Benjamín konungur bauð fólki að taka á sig nafn Krists. Það þýðir að það gerði sáttmála eða loforð um að fylgja Guði og halda boðorð hans.



Í dag sýnum við það líka að við séum fús til að taka á okkur nafn Krists þegar við skírumst. ●

Eftir að fólkið hlustaði á Benjamín konung, hvern gerði það sáttmála við? (Mósía 5:5)

Hvað sagði Abinadí Nóa konungi að hann yrðu að gera til að frelsast? (Mósía 12:33)

Eftir að Alma og Helam komu upp úr vatninu, voru þeir fylltir hverju? (Mósía 18:14)

Ég get lesið Mormónsbók!


Litið hluta myndarinnar eftir lesturinn. Þið getið lesið þessar ritningar, sem tengjast lestri hverrar viku í *Kom, fylg mér*.

Vika 1: Mósía 4:9

Vika 2: Mósía 7:19

Vika 3: Mósía 16:9

Vika 4: Mósía 18:8-10



Búið til eitthvað sem minnir ykkur á það sem spámenn Drottins hafa kennt. Miðlið okkur því sem þið bjugguð til!